



Umhverfis- og skipulagssvið
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Fornhagi 1 - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 31. mars 2022 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 24. mars 2022, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 23. mars 2022 á nýju deiliskipulagi fyrir Hagaskóla að Fornhaga 1, ásamt fylgiskjöllum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Því er fagnað að lögð er fram tillaga skipulagsyfirvalda/umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að nýju deiliskipulagi fyrir Hagaskóla að Fornhaga 1. Í tillögunni felst að gerðir eru byggingarreitir fyrir uppsetningu tímabundinna færanlegra eininga fyrir kennslu og starfsmannahald á lóð. Árum saman hafa skólayfirvöld kvartað vegna ástandsins, skólinn löngu sprunginn og mygla og raki víða í eldri byggingu. Hagaskóli eins og Fossvogsskóli hefur verið í langan tíma heilsuspillandi húsnæði en yfirvöld vildu ekki ljá málinu eyra. Verið er að súpa seyðið af áralangri vanrækslu á viðhaldi skólabygginga í borginni. Viðhaldsskuld borgarinnar er orðin stór og komið er að skuldadögum. Hvað varðar Hagaskóla er óhætt segja að þar hefur staðan verið sérlega alvarleg. Blessunarlega er hreyfing á málinu og vonandi eru veikindi vegna heilsuspillandi húsnæðis úr sögunni.

Ívar Vincent Smáráson
e.u.